

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson, Jakob Möller og Magnús Jónsson.

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Reykjavík-urkaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu og með því að leggja útsvar á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum, á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

- a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8 % — 80 auru af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
- b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykkt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 2 % — tvær krónur af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
- c. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykkt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slikra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða  $\frac{1}{2}$  % — 50 auru af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundruð krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnar-sjóðs Reykjavíkur.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi:

Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og kirkjugarðar.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík, og er gjalddagi 2. janúar ár hvert.

#### 5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

#### 6. gr.

Þegar lög þessi koma í gildi, falla í burtu þau gjöld, sem nú hvíla á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sóthreinsun (lög nr. 20, 15. okt. 1875), og sorphreinsun og salernahreinsun (lög nr. 42, 11. júlí 1911), en vatnsskattur helst óbreyttur samkvæmt lögum nr. 84, 22. nóv. 1907, að öðru leyti en því, að miða skal skattinn við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu.

#### 7. gr.

Útsvar það, sem ræðir um í 1. gr., skal niðurjöfnunarnefnd jafna niður eftir efnun og ástæðum gjaldenda.

Niðurjöfnunin nær til allra einstaklinga og fjelaga, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Skal þá draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem stunduð er í bænum, eða á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum eða leggja þar upp afla sinn eða nauðsynjar, má leggja útsvar, þótt atvinnan sje ekki stunduð nema 4 vikur ársins og þótt sá, er atvinnuna stundar, eigi lögheimili annarsstaðar, utanlands eða innan.

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru í Reykjavík, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð aukastörf í bænum, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir og atvinnan sje stunduð skemur en 4 vikur. Þó má ekki skattleggja þingfararkaup alþingis- manna, sem heimili eiga annarsstaðar.

Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem atvinnu hafa hjá þeim eða á skipum þeirra, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10 % af kaupum slikra manna til greiðslu á útsvarinu.

Um útsvar samvinnufjelaga fer eftir þeim sjerstöku lögum, er um slika fjelög gilda.

Undanþegnir útsvari eru sendimenn annara ríkja og þeir þagnar sama ríkis, sem eru í þjónustu þeirra og stunda ekki aðra atvinnu í bænum, svo og þeir, sem með sjerstökum lögum eru undanþegnir skatti.

8. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Skattstjórinn í Reykjavík er formaður hennar, en 4 nefndarmennina kys bæjarstjórnin til eins árs í senn á síðari reglulegum fundi sínum í nóvembermánuði ár hvert. Kjörgengir til nefndarinnar eru þeir bæjarbúar, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnarinnar. Nefndarmenn fá þóknun úr bæjarsjóði fyrir starf sitt, eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar.

9. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara skal fara fram í byrjun hvers árs og vera lokið fyrir 15. dag aprilmánaðar, og skal niðurjöfnunarskráin liggja til sýnis frá 15. apríl til 1. maí.

Við aðalniðurjöfnun skal jafna niður þeirri upphæð, sem ákveðin er í fjárhagsáætlun bæjarins það ár, auk 8—10 % umfram.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram síðari hluta hvers mánaðar og auka-skrá liggja til sýnis 1.—15. dag næsta mánaðar.

Við aukaniðurjöfnun skal leggja útsvar á þá gjaldendur, sem bæst hafa við frá síðustu niðurjöfnun, svo og á þá, sem kunna að hafa fallið af niðurjöfnunarskrá áður.

Um kærur yfir niðurjöfnun og úrskurði á þeim fer eftir þeim reglum, er nú gilda.

10. gr.

Útsvör öll skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkera, og er gjalddagi útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar, en gjalddagi annara útsvara þann dag, sem niðurjöfnunarskráin er lögð fram.

11. gr.

Sje fasteignagjald eða útsvar, sem ræðir um í lögum þessum, eigi greitt áður en 2 mánuðir er liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1 % — einni krónu af hverjum 100 kr. — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem liður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal og greiða, ef önnur gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, svo sem vatnsskattur, leigugjöld af lóðum, erfðafestulöndum og öðrum fasteignum, gangstjetta- og holræsagjöld, skólagjöld o. s. frv., eru eigi greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextirnir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

22. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og lög 19. okt. 1877, um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir bæjarstjórn Reykjavíkur samið og samþykkt á fundi sínum 1. febrúar 1923 með 12 atkvæðum gegn 1.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að breytt verði að nokkru ákvæðum þeim, sem nú gilda um bæjargjöld í Reykjavík og sem aðallega felast í lögum 19. okt. 1877 og í sjerstökum lögum um sóthreinsun og sorphreinsun.

Þegar lögum um bæjargjöld voru sett árið 1877, var ætlast til, að talsverður hluti af tekjum bæjarsjóðs fengist með lóðagjaldi og að öðru leyti með útsvörum, er jafnað væri niður eftir efnum og ástæðum á skattþegna bæjarins. Lóðagjaldið var þá miðað við stærð lóða, bygðra og óbygðra, enda var verðmæti lóða þá lítið og ekki mjög mismunandi á ýmsum stöðum í bænum. Árið 1879 nam lóðagjaldið 3560 kr., en aukaútsvör voru það ár 10700 kr., eða með öðrum orðum, lóðagjaldið var helmingur útsvarsins. Nú er hlutfalli þessu svo mjög raskað, að árið 1922 var lóðagjaldið áætlað 17500 kr., en aukaútsvör 1234200 kr., og eru lóðagjöldin þannig  $\frac{1}{70}$  hluti af útsvörunum.

Frumvarp þetta fer nú fram á, að talsverður hluti skatttekna bæjarsjóðs færist aftur yfir á fasteignirnar í bænum, og er búist við, að fasteignaskatturinn samkvæmt frumvarpinu mundi árið 1922 hafa orðið um 400000 kr., og er það tæplega helmingur útsvarsins, sem árið 1922 mundi hafa orðið c. 850 þúsund kr., ef lög þessi hefðu þá gilt, eða næstum sama hlutfall og var 1879. Í raun og veru er því ekki nein stefnubreyting fólgin í frumvarpi þessu, en breyting er í því fólgin, að fasteignaskatturinn er miðaður við verðmæti húsa og lóða, en ekki við stærð grunnflatar. Eins og nú er ástatt, er lóðir og hús eru svo afarmismunandi verðmæt, eftir legu í bænum og gerð húsa, virðist ekki annað geta komið til mála en að miða skattinn við verðmætið, enda er sú regla þegar upp tekin í lögum um fasteignaskatt og í lögum, er heimila bæjarfjelagi Reykjavíkur að leggja vatnsskatt og holræsagjald á húseignir í bænum.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

### 2. gr.

Sá hluti fasteignagjaldsins, sem kemur niður á húseignum, er áætlaður 160 þús. krónur, en jafnframt fellur burtu sótaragjald og hreinsunargjald, sem árið 1922 er áætlað 119 þús. krónur, svo hækkunin er ekki mjög mikil, og upphæðin er miðuð við, að gjaldið hjer um bil samsvari þeim útgjöldum bæjarsjóðs, sem beinlínis stafa af húsunum, þ. e. útgjöld við salerna- og sorphreinsun, við rottueitrun og ráðstafanir til tryggingar gegn eldsvoða, en þessi útgjöld eru árið 1922 áætluð 159500 krónur.

Lóðagjaldið er áætlað 240 þús. krónur, og gerir frumvarpið ráð fyrir mjög lágu gjaldi af þeim eignum, sem ekki eru byggingarlóðir og ekki geta gefið jafnmikinn arð og þær. Yfirleitt má telja gjaldið lágt af lóðum, sem nýttar eru til bygginga, en það verður tilfinnanlegt af stórum ónýttum byggingar-

lóðum á dýrum stöðum í bænum, enda er það rjettmætt af því að lóðareigandi veldur bæjarfjlaginu miklu tjóni með því að byggja ekki hús á lóðinni, eða selja hana þeim, er vildu byggja, því að vegna slikra ónotaðra svæða í bænum þenst bærinn yfir meira svæði, sem bæjarfjlagið verður að gera nýtilegt með því að gera þar götur og holræsi, leggja vatnsæðar, gasæðar, rafmagnstaugar, brunasima o. s. frv.

#### 6. gr.

Í þessari grein eru sjálfsgöð ákvæði um burtfellingu gjalda á húseignum til að standast kostnað við sóthreinsun, salerna- og sorphreinsun, en þess utan er ákvæði um, að vatnsskatt skuli miða við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu, eins og lög mæla nú fyrir. Þessi breyting er nauðsynleg af því að brunabótavirðing er nú á dögum svo mjög á reiki vegna breytilegs verðs á byggingarefnum, og veldur þetta miklu ósamræmi í upphæð skattsins á einstökum húsum, eftir því á hvaða tíma þau eru virt. Þess utan er útlit fyrir, að ákvæðin um skylduvátryggingu húsa í Reykjavík hjá ákveðnu fjelagi breytlit innan skamms, og er þá ekki lengur vist, að lögboðin brunabótavirðing haldist.

#### 7. gr.

Í þessari grein eru ákvæðin um, hverjir sju gjaldskyldir til bæjarins. Þau ákvæði, sem nú gilda um þetta efni, eru í 22. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, en síðan sú tilskipun var gefin hafa slikar breytingar orðið á allri atvinnu í landinu og bænum, að ákvæðin eru löngu úrelt, enda nú svo komið, að fjöldi manna, sem reka atvinnu hjer í Reykjavík og hafa talsverðan hluta tekna sinna hjeðan, greiða engan skatt til bæjarfjlagsins, þótt þeir njóti allra þeirra hlunninda, sem bærinn lætur borgurum sínum í tje. Aðrir kaupstaðir á landinu og öll hreppsfielög hafa og fengið lög, er veita miklu viðtækari rjett til útsvarsálagningar. Ákvæði greinarinnar eru sniðin eftir þeim reglum, sem nú gilda um sama efni annarsstaðar á landinu, og tillit tekið til sjerstakra kringumstæðna í Reykjavík.

Eitt ákvæði er nýmæli í greininni, sem sje það, að atvinnurekendum er gert að skyldu að standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem hjá þeim hafa atvinnu, og þeim jafnframt heimilað það halda eftir af kaupi slikra manna til greiðslu á útsvarinu. Þetta ákvæði er sett í frumvarpið vegna þess, að eins og til hagar í bænum er afarörðugt að innheimta útsvar hjá þeim, sem stunda atvinnu um tíma, t. d. við útgerð, en ef þetta ákvæði verður að lögum, fæst sæmileg trygging fyrir að útsvarið greiðist.

#### 8. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið við landsstjórnina um samvinnu milli niðurfjofnunarnefndar og skattstofunnar í Reykjavík, og hefir skipun niðurfjofnunarnefndar þegar verið breytt með konunglegri tilskipun á þann hátt, sem nú er farið fram á að lögfest verði.

10. gr.

Í nágildandi lögum er ákveðið, að gjalddagar á útsvari skuli vera á hverju missiri, en þetta þykir óhagkvæmt vegna allrar innheimtu og eykur mjög kostnað bæjarsjóðs við innheimtu á útsvörunum. Gerir frumvarpið því að eins ráð fyrir einum gjalddaga á ári hverju, enda er það í samræmi við þau ákvæði, sem gilda um þetta efni í öllum sveitum landsins.

11. gr.

Það færast mjög í vöxt, að gjaldendur dragi að greiða gjöld sín til bæjarsjóðs þangað til komið er að lögtaki, en framkvæmd á lögtökum dregst venjulega meira en ár frá gjalddaga, og verður bæjarsjóður því fyrir tilfinnanlegu vaxtatjóni, auk þess sem ókleift er fyrir bæjarsjóð að standa í skilum með greiðslu nauðsynlegra útgjalda, þegar hann fær ekki tekjur sínar í tæka tíð. Til þess að reyna að bæta úr þessu vandræðaástandi eru sett ákvæði þessarar greinar um dráttarvexti, ef ekki er staðið í skilum með gjöld til bæjarins innan hæfilegs frests, sem settur er 2 mánuðir frá gjalddaga. Dráttarvextirnir eru ákveðnir 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, og eru það sömu dráttarvextir, sem veðdeild Landsbankans fær, ef ekki er staðið í skilum með árgjöld á ákveðnum tíma.

Flutningsmenn frumvarpsins flytja það eftir ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur, en áskilja sjer óbundið atkvæði um einstök atriði þess.